

## Trúarbrögð

### Bréf

Kæri vinur

Ég heiti Ravi og er fjórtán ára. Ég er eini strákurinn í fjölskyldunni – ég á þrjár eldri systur. Ef ég hefði fæðst stelpa held ég að foreldrar mínir hefðu reynt að eignast annað barn. Systur mínar kvarta yfir því að ég sé dekraður en strákar eru mikilvægari í okkar menningu. Ég ákvað það ekki, þannig er það bara. Er það ekki?



Ég er hindúi og trúin okkar er ein sú elsta í heiminum. Við trúum á marga guði, sá mikilvægasti er Brahma, sá sem skapaði heiminn. Svo koma Vishnu sem annast um heiminn, Shiva sem er tortímandinn og eiginkona hans sem gengur undir mörgum nöfnum. Við trúum því að dýr hafi sál eins og fólk. Þess vegna eru flestir hindúar grænmetisætur. Mér líkar alls ekki illa við fólk sem borðar kjöt, ég bara vil ekki gera það sjálfur. Hvað finnst þér? Trúin er mikilvæg öllum í fjölskyldunni og þegar við höldum trúarhátíðir kemur öll fjölskyldan saman. Það er svakalega gaman hjá okkur, sérstaklega hjá okkur frændsystkinunum! Hverjar eru uppáhaldshátíðirnar þínar? Ertu alltaf með fjölskyldunni til að halda upp á hátíðisdaga? Endilega skrifaðu mér bréf til baka, mig langar svo að vita allt um þig og hvað þú trúir á. Skrifaðu fljótt aftur.

Þinn vinur,  
Ravi

Halló

Ég heiti Rita og ég er gyðingur. Ég er þrettán ára og á einn yngri bróður, hann heitir Nei! Reyndar heitir hann það ekki í alvörnunni en það er það eina sem hann segir . . . Besta vinkona mín er gyðingur líka. Fjölskyldur okkar hafa þekkt í mörg ár og við erum öll í sama söfnuði. Við höldum líka upp á hátíðisdaga saman. Það er eins og að eiga systur, nei reyndar er það betra vegna þess að okkur líkar virkilega vel hvor við aðra! Átt þú bestu vinkonu eða vin sem er þannig?



Gyðingasamfélagið er mjög öflugt hér um slóðir. Við hjálpum öll hvert öðru og ef einhver á í erfiðleikum, eins og þegar frú T. þurfti að leggjast inn á sjúkrahús, þá skiptist fólk á að passa börnin hennar. Ég held að ég sé varla besta manneskjan til þess að spyrja út í smáatriði um gyðingatrú. Ég er langversti nemandinn í trúarbragðafræði. En það sem mig vantar í þekkingu bæti ég upp í anda! Ég held að það að vera gyðingur þýði að vilja hjálpa öðrum, sérstaklega þeim sem eiga í erfiðleikum. Mér finnst ég ekkert endilega þurfa að fara alltaf í samkunduhúsið til þess að vera góður gyðingur. Hvað finnst þér?

Endilega skrifaðu til baka, mig virkilega langar til þess að vita meira um þig og trú þína. Skrifaðu fljótt.

Þín vinkona,  
Rita

Kæri vinur

Hæ, ég heiti Sayeed Guma. Það þýðir Glaður Máni á arabísku! Engar athugasemdir, takk ... Ég er þrettán ára. Ég á þrjá bræður og eina systur. Þau eru öll eldri en ég svo ég er mjög dekraður! Bara að grínast, þetta er eins og að eiga sex foreldra! Átt þú einhver ráðrík systkini?



Ég er múslimi og geng í íslamskan skóla. Skólinn er svolítið strangur en ég lendi ekki mikið í vandræðum – oftast! Við tökum fyrir allar námsgreinarnar en upphaldstíminn minn er stærðfræði. Mér finnst líka gaman að spila fótbolta og ég er í skólaliðinu. Aðalmunurinn milli skólans okkar og annarra skóla sem ekki eru íslamskir er að við biðjum þrisvar á dag. Við biðjum svo tvisvar á dag heima líka. Mér finnst gaman að biðja, það hjálpar mér stundum að hugsa. Best finnst mér að allir biðja saman – við erum eins og í liði. Er trúin þín svoleiðis? Ég er líka að fræðast um Kóraninn og stundum skrifum við orðtök úr honum í myndlistartíma. Arabíska er mögnuð, hún er virkilega eins og listaverk. Kanntu eitthvað í arabísku? Ég skal kenna þér eitthvað, ef þú vilt!

Við lærum um önnur trúarbrögð líka, sérstaklega gyðingdóm og kristni vegna þess að við höfum mikið af sama boðskapnum. Við trúum því einmitt að Abraham, Móses, Davíð og Jesú hafi verið sendiboðar Allah (Guðs). Íslam kennir okkur marga hluti, til dæmis að virða foreldra okkar og að hjálpa öðru fólki. Það fer í taugarnar á mér þegar fólk segir að allir múslimar séu slæmt fólk eða hryðjuverkamenn. Ég þekki engan sem er svoleiðis. Pabbi minn segir mér að ég eigi ekki að verða reiður yfir þessu, fólk heldur þetta bara vegna þess að það skilur okkur ekki. Ég vona að þú hugsir ekki svona.

Ekki týna þessu bréfi. Mig langar til þess að vita allt um þig og á hvað þú trúir.

Bless á meðan,  
Sayeed Guma

Kæri vinur

Ég heiti Nick, ég er fjórtán ára og ég er norn! Virðist ég núna vera eins og persóna úr Harry Potter bókunum? Jæja, það er skáldskapur en ég er til í alvörunni. Þetta er ekki grín, virkilega! Ég trúi því að jörðin sé á lífi og að við eigum í sérstöku sambandi við hana og anda hennar. Mamma mín hefur verið heiðin, þ.e. trúlaus, í 16 ár. Hún vildi ekkert sérstaklega að ég fylgdi í hennar fótspor. Hún vildi að ég tæki mína eigin ákvörðun. Mér finnst það flott, finnst þér ekki? Vilja foreldrar þínir að þú takir upp sömu trú og þeir?



Mér finnst vera meira sameiginlegt en ólíkt með trúarbrögðum í heiminum, finnst þér það ekki? Það er í rauninni bara hvernig við iðkum trúarbrögðin sem er mismunandi. Því miður misskilur fólk oft heiðni og heldur að hún sé af hinu illa meðan hún snýst í rauninni um að gera gott. Við berum virðingu fyrir öllum trúarbrögðum. Af hverju geta ekki aðrir virt okkur eins? Ég segi fólki ekki frá trúarbrögðum mínum. Eina fólkið sem veit um trú mína eru bestu vinir mínir og þau taka mér eins og ég er.

Það að vera heiðin þýðir að ég hef helgað mig jörðinni, fólkinu sem byggir jörðina, dýrunum, trjánum og öllu. Þau eru öll hluti af mínu lífi eins og ég er hluti af náttúrunni.

Endilega skrifaðu mér. Mig langar virkilega til að vita allt um þig og á hvað þú trúir.

Nick

Kæri vinur

Ég heiti Sophie og ég er fimmtán ára. Ég er einkabarn, sem þýðir að ég fæ næga athygli frá foreldrum mínum, en stundum óska ég þess að hafa einhvern á mínum aldri til þess að tala við! Átt þú einhver systkini? Ég á samt fullt af vinum í skólanum og er mjög virk í kirkjustarfinu. Ég hjálpa til með litlu börnin í sunnudagaskólanum og er í æskulýðsstarfinu líka. Við tölum um biblíuna og líka um það sem er að gerast í heiminum og svoleiðis. Mér finnst það virkilega skemmtilegt. Ert þú meðlimur í einhverjum svoleiðis hóp? Hvað talið þið um? Ég held að flestir í skólanum mínum viti voðalega lítið um kristindóm. Sumir segja að þeir séu kristnir en fara svo aldrei í kirkju og haga sér ekki eins og þeir séu kristnir. Ég trúir því að Jesús sé sonur Guðs og að hann hafi gefið líf sitt fyrir okkur. Hann sagði að við ættum að koma fram við fólk eins og við vildum að það kæmi fram við okkur. Mér finnst samt fæstir haga sér þannig, ég held að flestir hugsi ekki einu sinni um það hvernig þeir haga sér. Fólk þarf ekkert endilega að vera trúað til þess að vera góðar manneskjur. Pabbi minn segir að hann sé ekki viss um hvað hann trúir á en hann er samt besta manneskja sem ég þekki. Hann hjálpar hverjum sem er. Endilega skrifaðu mér, mig langar svo til þess að heyra allt um þig og á hvað þú trúir. Vona að ég heyri frá þér fljótt,



Sophie

Kæri vinur

Ég heiti Tenba og ég er sextán ára. Ég á yngri bróður en eldri systir mín dó þegar ég var sex ára. Ég grét mikið þegar það gerðist þangað til mamma mín útskýrði fyrir mér að Tenzing hefði verið mjög veik og að hún myndi endurfæðast sem heilbriggt barn. Við erum búddistar og trúin er okkar líf. Allir sem ég þekki eru búddistar. Skömmu eftir að Tenzing dó gerðist ég munkur. Margir vinir mínir gerðust munkar líka. Við bjuggum í klaustri skammt frá heimili mínu. Það var í rauninni eins og að vera á heimavistarskóla. Við lærðum að lesa og skrifa og hvernig við gætum orðið góðir búddistar. Ert þú búddisti? Ég er ekki munkur núna. Ég fór frá klaustrinu til þess að halda áfram að læra annars staðar. Ég hitti samt vini mína áfram. Ég spila með þeim í hljómsveit þar sem ég syng. Mér finnst við ekki svo slæmir en bróðir minn segir að við séum til skammar! Ég er virkilega ánægður með lífið. Búddistar trúa því að heilsa, auður og félagsskapur séu hinir þrír þættir hamingjunnar, en ef þú ert ekki ánægður með stað þinn í lífinu (hver sem hann nú er) þá verður þú ekki hamingjusamur. Nú, ég hef heilsuna og fullt af vinum og er hamingjusamur! Hvað gerir þig hamingjusaman? Mig langar til þess að njóta lífsins og hjálpa öðrum. Ég trúir virkilega að ef ég lifi góðu lífi þá muni ég endurfæðast sem betri manneskja. Það er samt ekki eina ástæðan fyrir því að ég vil gerast læknir. Mér líður bara einfaldlega vel af því að hjálpa öðrum. Hvað langar þig til þess að gera við lífið? Endilega skrifaðu mér aftur, mig langar virkilega til þess að heyra allt um þig og hvað þú trúir á.



Frá Tenba